


Ársskýrsla og reikningur 2022

Kirkjugarðasamband Íslands



gardur.is



Aðfaraorð

Ágæti lesandi

Á vordögum 2022 þegar haldinn var aðalfundur Kirkjugarðasambandsins í Reykjavík varð umtalsverð breyting á skipan stjórnar. Þórsteinn Ragnarsson sem dregið hafði starfið í rúman aldarfjórðung gaf ekki kost á sér til endurkjörs. Það verður ekki einfalt að fylla hans skarð en Þórsteinn hefur verið vakin yfir málefnum kirkjugarða allan þann tíma. Honum eru færðar bestu þakkir fyrir óeigingjarnt starf fyrir málaflokkinn.

Á þeim fundi færði Albert Eymundsson sig úr aðalstjórn í varastjórn og Þórunn Ragnarsdóttir gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu í varastjórn. Þeim eru sömuleiðis færðar bestu þakkir fyrir sín störf í þágu kirkjugarða.

Í stað þeirra tók undirritaður sæti formanns og Ingvar Stefánsson framkvæmdastjóri KGRP sem meðstjórnandi og Anna Kristjánsdóttir hjá Akraneskirkjugarði tók sæti í varastjórn ásamt Albert. Guðmundur Rafn situr áfram sem fastast í aðalstjórn, enda veitir ekki af reynslu hans og þekkingu á málaflokknum.

Eitt af markmiðum nýrrar stjórnar var að reyna að hitta fulltrúa sem flestra kirkjugarða heima fyrir á árinu. Minna varð um efndir en loforð, af ýmsum ástæðum. Þá var og markmið að bæta og breyta skráningar- og bókunarkerfinu og gera það einfaldara og notendavænna. Jafnframt að bæta almenna vefinn gardur.is og færa viðmótið og leitarstrenginn fyrir legstaðaskrána til nútímalegra horfs. Sannast sagna varð ekkert af þeim fyrirheitum vegna fjárskorts.

Árið hefur verið fjárhagslega erfitt fyrir rekstur sambandsins. Kemur þar margt til, meðal annars var á fyrri hluta árs gerð mistök og greitt hærra einingaverð fyrir greftranir en ráð var fyrir gert í útreikningum. Við uppgjör fyrir árið 2021 kom í ljós að verulegur halli var á sjóðnum og endurskoðandi Deloitte lagði til að reynt yrði að rétta af rekstrahallann svo ekki stefndi í frekari og alvarlegri stöðu. Kirkjarðaráð lagði því til að skerða umhirðu greiðslur til garðanna á síðarihluta ársins. Þrátt fyrir niðurskurð og leiðréttingu einingaverða dugði það ekki til að ná endum saman. Framlag ríkisins dugar ekki til að standa undir lögbundinni starfsemi kirkjugarða.

Nú síðla vetrar áttu fulltrúar KGSÍ og Kirkjugarðaráðs fund með fulltrúum Dómsmálaráðuneytis hvar farið var yfir málefni kirkjugarða.

Skipta má áherslum okkar í fjögur megin atriði.

- Endurskoðun samkomulags ríkis og kirkjugarða.
- Líkhús, rekstur þeirra og á ábyrgð hvers.
- Bálstofa til framtíðar.
- Endurskoðun laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu.

Samkomulag ríkis og kirkjugarða sem gert var 2005 nær ekki að endurspegla raunveruleikann hvorki hvað varðar forsendur og viðmið.


Líkhús, rekstur þeirra og á hvers ábyrgð er algjörlega í lausu lofti. Þeir kirkjugarðar sem reka líkhús fá engar tekjur til rekstur eða afskrifta og hafa ekki heimild til innheimtu. Það er algjört lagalegt tómarúm frá dánarvottorði til greftrunar.

Bálstofan í Fossvogi sem rekin er af sameiginlegu fé allra kirkjugarða er komin til ára sinna og þarfnast endurnýjunar við. Það hvílir á hinu opinbera að taka afstöðu um í hvaða farveg málin skuli fara. Það er ljóst að kirkjugarðar hafa ekki bolmagn til uppbyggingar nýrra bálstofu í óbreyttu ástandi.

Hvað varðar endurskoðun laga um kirkjugarða eru mörg atriði sem taka þarf á. Þar á meðal að skýra betur hlutverk og ábyrgð kirkjugarða eða grafreita og fyrir hvað ríkið er að greiða. Taka af allan vafa um rekstur líkhúsa og hvernig sá rekstur skal fjármagnaður. Sama gildir um rekstur og uppbyggingu bálstofu til framtíðar.

Enn og aftur bendir Ríkisendurskoðun á slæga framistöðu kirkjugarða við skil ársreikninga. Þar sem kirkjugarðar eru að sýsla með opinbert fé liggur sú skylda á þeim að skila ársreikningi, undirrituðum af ábyrgðaraðilum. Vissulega er það íþyngjandi fyrir fulltrúa þeirra kirkjugarða sem fá litlar tekjur og með afar lítin rekstur. Hjá því verður ekki komist. Ein af lausnum að létta lífið er að sameina rekstur fleiri kirkjugarða og standa þá skil á einum ársreikningi fyrir fleiri kirkjugarða. Á Eyjafjarðasvæðinu hefur verið sameinaður rekstur nokkura kirkjugarða og gengið vel í alla staði. Stjórn KGSÍ er boðin og búin að leggja þeim lið sem vilja kynna sér leiðina.

Ég tel skynsamlegt og mikilvægt að fulltrúar kirkjugarða skoði sameiningar kostina vel áður en ríkisvaldið leggur til með boðvaldi einhverja aðferðafræði við sameininguna. Það liggur í hlutarins eðli að þær 240 sjálfseignarstofnanir kirkjugarða og langflestar litlar eru ekki vænlegar rekstrar einingar. Með öllum þeim skyldum sem á þeim hvíla.



Stjórn KGSÍ

Sem að ofan greinir var kosinn nýr formaður á aðalfundinum í maí 2022. Smári Sigurðsson hjá Kirkjugörðum Akureyrar tók að sér að leiða verkefnið næsta árið. Aðrir í stjórn voru kjörin Ingvar Stefánsson frá Kirkjugörðum Reykjavíkur og Guðmundur Rafn Sigurðsson frá Kirkjugarðasjóði. Anna Kristjánsdóttir frá Kirkjugarði Akranes og Albert Eymundsson frá Hafnarkirkjugarði í varastjórn. Skoðunarmenn reikninga voru endurkjörnir Þjóðbjörn Hannesson og Magnús Gunnarsson.

Rekstur sambandsins 2022

Eins áður er getið var fjárhagur KGSÍ langt frá því að vera blómlegur. Þrátt fyrir árlegt 8 miljón króna framlag úr Kirkjugarðasjóði voru nánast allir fjármunir sem ætlaðir voru í félagslegan rekstur notaðir til að minnka hallann á grafarsjóði.

Á árinu 2021 var úthlutað meiri fjármunum til kirkjugarða en fengust frá ríkinu sem eðlilega leiddi af sér umtalsvert tap á rekstrinum. Sama gildi um rekstur KGSÍ árið 2022 hvar greitt var til kirkjugarða um 24 miljónum meira en framlög frá ríkinu námu. Margir þættir spila þar inn og má nefna að greitt var eftir röngum einingaverðum fyrir grafartöku fyrri hluta ársins. Greftranir urðu langt um fleiri en gjaldamódelið og framlag ríkisins gerði ráð fyrir. Reynt var eftir fremsta megni að brúa bilið sem meðal annars fólst í að lækka einingaverð fyrir grafartöku og lækka umhirðugjald til kirkjugarðana um 3%.

Vonast er til að breytt verklag við útreikninga fyrir einingaverð skili sér í bættri mynd á yfirstandandi ári. En mikilvægt er að endurgera samkomulag ríkis og kirkjugarða á þann hátt að tekið sé tillit til raunverulegs fjölda greftrana ár hvert. Þær tölur og spár eru til miklu mun nær sanni en viðmiðin sem ríkið notar í útreikningum sínum í dag.

Smári Sigurðsson
formaður stjórnar KGSÍ


Framlag til kirkjugarða landsins árið 2022

Fjárlög 2022	1.312.400.000	Brúttó	Nettó	Kirkjugarðsjóður
		Heildar framlag að meðtöldu gjaldi í kirkjugarðasjóð 8%	Heildar framlag að frádregnu gjaldi í kirkjugarðasjóð	Samtals 8% í kirkjugarðasjóð
Umhirða	Framlag vegna fastakostnaðar	1.049.920.000	965.926.400	83.993.600
Grafartaka	Framlag vegna grafstöku	196.860.000	181.111.200	15.748.800
Bálstofa	Framlag vegna bálstofu	65.620.000	60.370.400	5.249.600
	Samtals 2022	1.312.400.000	1.207.408.000	104.992.000

Framlag ríkisins til kirkjugarða landsins árið 2022 var **kr. 1.312.400.000**. Framlagið hefur verið skert verulega frá hruni eins og fram hefur komið í gögnum KGSÍ á undanförmum árum. Einingaverð umhirðu og grafstöku hefur af þeim sökum lækkað mikið frá 2009 miðað við hækkun kaupgjalds og verðlags. Brúttóframlag ríkisins árið 2021, þ.e. ásamt framlagi í kirkjugarðasjóð, var **kr. 1.285.100.000**.

Framlagið á að hækka á milli ára einfaldlega vegna fjölgunar greiftrana ár frá ári og fjölgun fermetra sem þarf að hirða í sí stækkandi kirkjugörðum. Framlagið hinsvegar fylgir ekki þróun vísitölu launa eða kaupgjalds. Nú er svo komið að laun stærri kirkjugarðanna eru orðin 80% af heildar tekjum garðanna.

Eitt af megin verkefnum KGSÍ er að fá endurskoðað samkomulag ríkis og kirkjugarða. Endurskoðun sem felur í sér raunverulega nálgun við kostnað sem kirkjugarða þurfa að standa straum af til að uppfylla lagalegar skyldur sínar ár hvert.



Erlend samskipti

Fulltrúar KGSÍ í stjórn norræna kirkjugarðsambandsins tóku þátt í undirbúningi og skipulagningu samnorrænu ráðstefnunar sem haldin var í Tampere í Finnlandi. Ráðstefnan var haldin um miðjan september 2022 og sátu fjölmargir Íslendingar ráðstefnuna. Þrír Íslenskir fyrirlesarar fluttu þar erindi sín. Listamaðurinn Sjón flutti við góðar undirtektir erindi sem bar heitið *Kirkjugarðurinn í nútíma bókmenntum*, Ingvar Stefánsson frá KGRP fór yfir *Stöðu kirkjugarða og bálstofu á tímum covid19*. Og Kári Aðalsteinsson frá KGRP flutti erindi sem bar heitið *Fjölmennningar grafreitir*.

Ráðstefna sem þessi er að jafnaði haldin fjórða hvert ár þó tímaplanið hafi ögn riðlast í covid ástandinu. Stefnt er að halda þessa norrænu ráðstefnu á Íslandi árið 2030

Haldnir voru fjölmargir stjórnarfundir í stjórn NFKK, flestir þeirra fjarfundir en amk tveir staðfundir voru haldnir sem Guðmundur Rafn sótti fyrir hönd KGSÍ.

Aðalfundurinn 2023

Sem að þessu sinni er haldinn á Akureyri. Reynt er að halda kostnaði við þátttöku í fundinum eins hófstílltum og hægt er. Fram til þessa hafa fundirnir verið haldnir vítt og breitt um landið og miðað við að þau sem komi langt að gisti á hóteli í tvær nætur og með tilheyrandi kostnaði. Nú gefst fundargestum tækifæri á að komast til Akureyrar að morgni fundardags hvar fundurinn hefst ekki fyrr en kl 10:30 og stendur fram eftir degi.

Að loknum fundi er gestum boði að kynna sér astöðuna hjá Kirkjugörðum Akureyrar og þiggja um leið léttar veitingar. Um kvöldið er sameiginlegur kvöldverður þeirra sem kjósa að dvelja lengur í Höfuðstaðnum.

Stefnt er á að streyma frá fundinum eins og hægt er. En taka þarf til umræðu hvort ástæða sé til að breyta fyrirkomulagi þessara funda. Sem dæmi að ræða hvort halda eigi veglega fundi annað hvert ár og leggja þá meiri vinnu í efni og dagskrá. Og hitt árið verði fjarfundur hvar farið veðir yfir lögbundin mál sbr lög sambandsins.

Kirkjugarðasamband Íslands

Ársreikningur 2022

Kirkjugarðasamband Íslands
Vesturhlíð 8
105 Reykjavík
kt. 681196-2429

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar.....	2
Áritun skoðunarmanna.....	3
Könunaráritun óháðs endurskoðanda.....	4
Rekstrarreikningur.....	5
Efnahagsreikningur.....	6 - 7
Sjóðstreymi.....	8
Skýringar	9 - 10

Skýrsla stjórnar

Kirkjugarðasamband Íslands er samband kirkjugarða á Íslandi og stendur vörð um faglega hagsmuni þeirra. Á árinu 2022 var stofnuð ný kennitala sem mun sjá um félagsrekstur KGSÍ.

Ársreikningur Kirkjugarðasambands Íslands fyrir árið 2022 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningskilareglur.

Rekstrartekjur ársins 2022 námu samtals kr. 8.929.263 og nam hagnaður ársins kr. 4.003.435. Heildareignir námu kr. 19.994.471 og eigið fé í árslok 2022 nam kr. 17.756.553.

Stjórnendur KGSÍ gera ráð fyrir að rekstur sambandsins verði með svipuðu horfi á árinu 2023 eins og hann var á árinu 2022.


Að álitum stjórnar Kirkjugarðasambands Íslands koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sambandsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.


Stjórn Kirkjugarðasambands Íslands staðfestir með undirritun sinni ársreikning sambandsins fyrir árið 2022.

Akureyri, 6. maí 2023

Í stjórn


Smári Sigurðsson
stjórnarformaður


Guðmundur Rafn Sigurðsson
stjórnarmaður


Ingvar Stefánsson
stjórnarmaður

Áritun skoðunarmanna

Við kjörnir skoðunarmenn Kirkjugarðasambands Íslands höfum yfirfarið ársreikning fyrir árið 2022 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík,


Þjóðbjörn Hannesson


Magnús Gunnarsson

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Kirkjugarðasambandi Íslands

Við höfum kannað meðfylgjandi ársreikning Kirkjugarðasambands Íslands fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda við könnun

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn sem byggir á könnuninni. Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á ársreikningum. Samkvæmt staðlinum eigum við að leggja fram ályktun um hvort eitthvað hafi komið fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd í samræmi við lög um ársreikninga. Staðallinn gerir jafnframt kröfu um að við fylgjum siðareglum.

Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum.


Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af eldandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sambandsins á árinu, efnahag þess 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur, 6. maí 2023

Deloitte ehf.



Halldór Arason
endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýringar	2022	2021
Rekstrartekjur			
Styrkir og aðrar tekjur		8.929.263	9.028.257
		<u>8.929.263</u>	<u>9.028.257</u>
Rekstrargjöld			
Útgáfu- og dreifingarkostnaður		774.306	1.306.538
Laun og launatengd gjöld	3	1.439.853	1.556.108
Annar rekstrarkostnaður		2.609.129	7.458.237
		<u>4.823.288</u>	<u>10.320.883</u>
Rekstrarhagnaður (-tap)		4.105.975	(1.292.626)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármunatekjur	4	16.636	26.021
Fjármagnsgjöld	5	(119.176)	(8.067)
		<u>(102.540)</u>	<u>17.954</u>
Hagnaður (tap) ársins		<u>4.003.435</u>	<u>(1.274.672)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eignir	Skýringar	2022	2021
Veltufjármunir			
Kirkjugarðaráð, framlag ríkisins til kirkjugarða	7	19.889.179	13.930.484
Aðrar skammtímakröfur	7	68.174	329.396
Handbært fé	7	37.118	279.882
		<u>19.994.471</u>	<u>14.539.762</u>
Eignir samtals		<u>19.994.471</u>	<u>14.539.762</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eigið fé og skuldir	Skýringar	2022	2021
Eigið fé	8		
Eigið fé		<u>17.756.553</u>	<u>13.753.118</u>
		17.756.553	13.753.118
Skuldir			
Skammtímaskuldir:			
Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma		785.119	729.218
Aðrar skammtímaskuldir	9	<u>1.452.799</u>	<u>57.426</u>
		2.237.918	786.644
Skuldir samtals		2.237.918	786.644
Eigið fé og skuldir samtals		<u>19.994.471</u>	<u>14.539.762</u>

Sjóðstreymi ársins 2022

	Skýringar	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Rekstrarhagnaður		4.105.975	(1.292.626)
		<u>4.105.975</u>	<u>(1.292.626)</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Aðrar rekstartengdar eignir		(5.697.473)	(3.796.164)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Rekstartengdar skuldir		1.451.274	(340.668)
		<u>(4.246.199)</u>	<u>(4.136.832)</u>
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		(140.224)	(5.429.458)
Innborgaðir vextir og arður		16.636	26.021
Greiddir vextir		(119.176)	(8.067)
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		<u>(242.764)</u>	<u>(5.411.504)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(242.764)	(5.411.504)
Handbært fé í byrjun tímabils		279.882	5.691.386
Handbært fé í árslok		<u><u>37.118</u></u>	<u><u>279.882</u></u>

Skýringar

1. Starfsemi

Kirkjugarðasamband Íslands er samband kirkjugarða á Íslandi sem stendur vörð um faglega hagsmuni þeirra.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Kirkjugarðasambands Íslands fyrir árið 2022 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sambandsins.

Almenn stefna sambandsins er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu. Engir framvirkir gjaldeyrissskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá sambandinu.

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Salan er skráð þegar vara eða þjónusta er afhent og eignaréttur hefur færst til kaupanda. Tekjur sambandsins koma að mestu leyti frá Kirkjugarðasjóði.

Fjármagnsliðir

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu. Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Útistandandi tekjur

Útistandandi tekjur eru færðar á nafnverði.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

3. Launamál

	2022	2021
Laun	1.206.144	1.353.072
Launatengd gjöld	233.709	203.036
	<u>1.439.853</u>	<u>1.556.108</u>

4. Fjármunatekjur

	2022	2021
Vaxtatekjur af bankareikningum	652	5.938
Aðrar vaxtatekjur	15.984	20.083
	<u>16.636</u>	<u>26.021</u>

5. Fjármagnsgjöld

	2022	2021
Fjármagnstekjuskattur	(753)	(323)
Önnur vaxtagjöld	(118.423)	(7.744)
	<u>(119.176)</u>	<u>(8.067)</u>

Skýringar

6. Eignarhlutar í félögum

In Memoriam ehf. var stofnað árið 2000. Eignarhlutur Kirkjugarðasambands Íslands í In Memoriam ehf. er að nafnverði kr. 2.000.000, en er bókfærður á kr. 0.

7. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur

	31.12.2022	31.12.2021
Kirkjugarðaráð, framlag ríkisins til kirkjugarða	19.889.179	13.930.484
	19.889.179	13.930.484

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2022	31.12.2021
Útistandandi virðisaukaskattur	58.174	145.439
Aðrar kröfur	10.000	183.957
	68.174	329.396

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnistæðum.

8. Eigið fé

	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2022	13.753.118
Hagnaður/-tap ársins	4.003.435
Eigið fé 31.12.2022	17.756.553

9. Aðrar peningalegar skuldir

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2022	31.12.2021
Skammtímaskuldir við lánastofnanir	1.374.092	0
Ógreidd laun og launatengd gjöld	59.470	57.426
Aðrar skammtímaskuldir	19.237	0
	1.452.799	57.426

Sundurliðanir

Styrkir og aðrar tekjur

	2022	2021
Skráning ítarefnis	62.500	82.500
Fræðslumál og útgáfa Bautasteins	261.800	261.800
Rekstrarstyrkur frá Kirkjugarðasjóði	8.000.000	8.500.000
Útseld þjónusta vegna gardur.is	0	183.957
Tekjur vegna NFKK	604.963	0
	<u>8.929.263</u>	<u>9.028.257</u>

Útgáfu- og dreifingarkostnaður

	2022	2021
Prentun	517.119	641.824
Annar útgáfukostnaður	0	408.841
Burðargjöld	257.187	255.873
	<u>774.306</u>	<u>1.306.538</u>

Laun og launatengd gjöld

	2022	2021
Vinnulaun	1.206.144	1.237.072
Aksturskostnaður	0	116.000
Tryggingagjald	85.926	82.749
Lífeyrissjóður	147.009	119.443
Aðrir sjóðir	774	844
	<u>1.439.853</u>	<u>1.556.108</u>

Annar rekstrarkostnaður

	2022	2021
Aðalfundarkostnaður	150.000	668.629
Stjórnarfundakostnaður	24.100	102.740
Pappír, prentun og ritföng	0	239.850
Bókhaldsvinna, reikningagerð o.fl.	1.226.719	1.009.068
Önnur aðkeypt þjónusta	562.907	259.678
Afskrifaðar kröfur	0	5.000.000
Kostnaður vegna gardur.is	201.266	159.972
Kostnaður vegna NFKK	300.598	0
Annar kostnaður	143.539	18.300
	<u>2.609.129</u>	<u>7.458.237</u>